

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2001
KSG/014/02

Efni: Umsögn um frv. til laga um geislavarnir, 344. mál.

Tryggingastofnun álitur að ofangreint frumvarp boði breytingar sem yfirleitt eru til mikilla bóta. Hinsvegar er ástæða til að vekja athygli á því að ákvæði 15. greinar frumvarpsins mun valda miklum kostnaðarauka, einkum hjá sjúkratryggingum almennatrygginga, sem gera verður ráð fyrir verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Í texta 15. greinar segir m.a.: "Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður tryggja að geislun sé eins lítil og unnt er með skynsamlegu tilliti til tilgangs geislunarinnar, tækja og búnaður og sem fyrir hendi eru svo og annarra þátta sem áhrif hafa."


Skynsamlegra er að orða greinina á þann hátt að ábyrgðarmaður meti við hverja læknisfræðilega geislun hvort geislunin sé réttlætunleg.

Verði greinin óbreytt er ábyrgðarmanni gert að fara vandlega yfir hverja myndgreiningarbeiðni. Ef ábyrgðarmaður telur aðra greiningaraðferð betri, þá verður hann að hringja í viðkomandi lækni. Ef ekki næst í lækinn verður að senda sjúklinginn heim. Sjúklingi síðan gert að koma eftir 2 -3 vikur. Vinnutap sjúklings í Reykjavík og nágrenni er a.m.k. 4 klukkustundir. Utan þess svæðis er vinnutap margfalt meira.

Fram hefur komið í samninganefnd htr. að smám saman muni áðurgreind vinnubrögð verða til þess að allar rannsóknir verði gerðar með MRI tækni sem er margfalt dýrari en röntgen. Líklega verði röntgenmyndir framvegis aðeins teknar af lungum.

Í stuttu máli má segja að áðurgreint ákvæði í frumvarpinu verði samfélaginu efnahagslega afar kostnaðarsamt. Nefna má fleiri dæmi en hér að ofan.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri